

Fundur hjá stjórn foreldrafélags Höfðabergs 14.11.2023

Mættir: Arnþór, Helga Lilja, Þóra, Sigurlaug, Lína og Vala (ritari).

- Lokið við að fylla út pappíra vegna stofnunnar reikninga félagsins. Þóra gengur frá því og sendir kröfur vegna félagsgjalda út í kjölfarið.
- Umræða um hvað stjórn félagsins vill gera fyrir jólin. Leitað var að tilboðum í fjölmargar jólasýningar en þær þóttu allar fremur dýrar í ljósi þess að félagið er nýstofnað og ekki til mikill peningur. Ákveðið að slaufa jólasýningu í ár en gera þess í stað vel við kennara á kaffistofunni í desember með einhverju góðgæti. Nýta peninginn frekar í veglega vor/sumarhátíð og eitthvað annað til að gleðja börnin um það leyti.
- Umræða um hversu hátt félagsgjaldið á að vera og hvort það eigi að rukka einu sinni eða tvisvar yfir skólaárið. Ákveðið var, með samþykki allra, að hafa tvær greiðslur, hvora um sig upp á 3000 krónur, eina fyrir hverja önn. Í ár verða þessar greiðslur sendar út í nóvember og í mars þar sem félagið er nýstofnað en í framhaldi þótti eðlilegt að senda út greiðsluseðla í september og í febrúar næstu skólaár. Ákveðið að senda fréttabréf á foreldra samhliða því að greiðsluseðlar væru sendir út.
- Ákveðið að kennurum yrðu færðar ostakörfur á kaffistofu í tilefni jóla.
- Like síða verður stofnuð þar sem stjórn foreldrafélagsins kemur upplýsingum á framfæri.
- Ákveðið að stofna gmail reikning til þess að auðvelda samskipti foreldra við félagið.